



TILLAGA

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Háaleitisbraut – gönguþverun móts við Álmgerði

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki að þverun yfir Háaleitisbraut, móts við Álmgerði, verði breytt í samræmi við meðfylgjandi teikningu.

Greinargerð:

Töluverð uppbygging hefur átt sér stað á svæðinu í kringum útvarpshúsið. Samhliða þeirri uppbyggingu hefur þeim fjölgað sem þvera yfir Háaleitisbraut móts við Álmgerði, en þar er m.a. strætóstöð sem er mikið notuð. Í dag er þverunin yfir tvær akreinar í hvora átt. Aðstæður hafa sýnt sig að vera hættulegar þeim sem þar þvera.

Sem hluti af umferðaröryggisaðgerðum er því lagt til að Háaleitisbraut við Álmgerði verði breytt þannig að við þverun yfir götuna verði einungis ein akrein í hvora átt og að þær framkvæmdir verði gerðar samhliða breytingum á gatnamótum Bústaðavegar og Háaleitisbrautar sem hafa áður verið kynntar.

Breytingarnar hafa verið bornar undir viðbragðsaðila, sem hafa ekki gert athugasemdir.

Virðingarfyllt,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
Deildarstjóri samgangna

Hjálagt: Yfirlitsmynd af fyrirhuguðum framkvæmdum á gatnamótum við Bústaðaveg og Háaleitisbraut. Þverun yfir Háaleitisbraut móts við Álmgerði er innan hringsins.



Reykjavíkurborg

1:1000 0 10 20 30 40 50 100 m

1:1000 0 10 20 30 40 50 100 m

Furudagur 2024



www.vertis.is - sími: +354 422 8000

SKAÐMYKT:

Á 2023-04-14 VERGJENINGU HAU AG GU AGOS

ÖTTO DADS DÖTTOUR TÖK HAN RÍNT SÁM

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið
Borgun 13-14
102 Reykjavík
2024-04-14

BÚSTADAVEGUR (418), REYKJAVÍK
GATNAÐI VÍÐ HÁLETTISBRAUT
Bráðabrotgæslan
Yfirleyming

VERFANG 22054 TÖNNING 001.C72.B101 A

© 2024 Reykjavíkurborg. All rights reserved. Not to be reproduced without permission.

